

Ed. 790. Frumvarp til laga [430. mál]

um breyting á lögum um Happprætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

- a. 1. másl. e-liðar orðast svo: Einkaleyfi til að reka happprættið má veita til 1. janúar 2004.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar skyndihappprættis með peningavinningum, svo og peningahappprættis, sem ekki yrði rekið sem flokkahappprætti. Ágóða af rekstri þessum skal varið til starfsemi Háskóla Íslands svo sem segir í e-lið 1. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur haft einkarétt til rekstrar peningahappprættis hér á landi síðan 1934, sbr. lög nr. 44 19. júní 1933. Hefur happprættið síðan að lang mestu leyti staðið undir öllum byggingarframkvæmdum og tækjakaupum Háskóla Íslands og þannig verið honum ómetanleg lyftistöng, en jafnframt hefur happprættið að sama skapi sparað ríkissjóði útgjöld.

Sá háttur hefur verið hafður á, að lagaheimild til einkaleyfisveitingarinnar hefur verið bundin til 10 eða 15 ára í senn. Núgildandi heimild rennur út 1. janúar 1989. Vegna áætlana um reksturinn og framkvæmdir á vegum Háskóla Íslands er tímabært að leita eftir framlengingu nú. Er gert ráð fyrir 15 ára framlengingu einkaleyfisins, og er það í samræmi við það sem gert var síðast þegar leyfið var framlengt.

Stjórn Happprættis Háskóla Íslands hefur hug á að brjóta upp á nýmælum í rekstrinum. Reynolds er fyrir því erlendis, að happprætti, sem eru þannig gerð, að kaupendur miða sjá strax, hvort þeir hafa hlotið vinning, njóta vinsælda margra og þykir rétt að reyna, hvort svo verður ekki einnig hérlendis. Enn fremur happprætti, sem ekki eru flokkahappprætti, en dregið um vinninga í lok sölutímabils. Enn fremur eru til happprætti, sem sameina þetta tvennt.

Frumvarpið miðar að því að Happprætti Háskóla Íslands verði gert kleift að fullnægja óskum viðskiptavina sinna og tryggja þar með, að það geti enn sem fyrr verið fjárhagslegur bakhjarl Háskóla Íslands.

Nákvæm lýsing á happprættisnýmælinu er ekki tekin upp í frumvarpið, en gert er ráð fyrir, að því verði nánar ráðið til lykta í reglugerð. Er það gert til hagræðis, þar sem gert er ráð fyrir, að ekki verði um samfelldan rekstur að ræða, heldur verði heimildar leitað hverju sinni og verð miða og vinningar ákveðnir fyrir hvert sinn.